

VESTURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir
landeigendur
á Hellnum


BÁRÐARLAUG OG LAUGARVATN
FISKIRÆKTARMÖGULEIKAR

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87017



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

BORGARNESI, apríl 1987

VMST-V/87017

BARDARLAUG OG LAUGARVATNFISKIREKTARMÖGULEIKAR1. INNGANGUR

Þann 23. júlí 1986 var stutt athugun gerð á tveimur litlum vötnum í landareign Hellna í Breiðavíkurhreppi á Snæfellsnesi. Markmið athugunarinnar var að kenna skilyrði til fiskræktar í vötnunum. Fyrra vatnið, Bárðarlaug er lítil en djúp sporöskjulega tjörn í gjallgig í svonefndu Laugarholti vestanvert við veginn að Hellnum. Laugarvatn er lítil og grunn tjörn og er það staðsett norðanvert við Laugarholtið. Í Bárðarlaug var sleppt bleikju fyrir alllöngu síðan, en lítill árangur varð af þessari sleppingu. Bleikjan er mjög smávaxin og veiðast aðeins litlar murtur í vatninu. Laugarvatn mun vera fisklaust. Engar rannsóknir hafa áður verið gerðar á vötnunum.

2. ADFERÐIR

Aðstæður voru athugaðar þann 23. júlí 1986. Umhverfi vatnanna var skoðað og auk þess voru 3 net lögð í Bárðarlaug. Vitjað var um netin eftir 2 klst. og bleikjan mæld, vigtuð og kvarnir teknar til aldursákvarðana.

3. NIDURSTODUR

Í Bárðarlaug veiddust 8 bleikjur. Fiskarnir voru allir á bilinu 11-14 sm (Mynd 1). Aldursgreining sýndi að fiskarnir voru 2-5 ára og var hluti þeirra kynþroska. Niðurstöður sýna að bleikjan verður kynþroska mjög lítil og vex lítið sem ekkert eftir að kynþroska er náð. Þetta sýnir að Bárðarlaug er ofsetin af bleikju, p.e. fjöldi fiskanna er of mikill miðað við fæðuframboð. Stofninn svarar þessum aðstæðum með því að verða kynþroska mjög lítill og nær aldrei að vaxa að ráði.

Laugarvatn mun vera fisklaust og voru því net ekki lögð í vatnið. Vatnið er lítið, en grunnt og er leðjubotn ríkjandi í vatninu. Vatnið er sennilega frjósamara en Bárðarlaug, þar sem grunn vötn eru ætið hlutfallslega fæðuríkari en djúp vötn.

4. UMREDUR

Bæði Bárðarlaug og Laugarvatn eru það lítil að fæðuframboð verður aldrei það mikið að vötnin gefi af sér umtalsvert magn af fiski. Fiskræktarmöguleikar í vötnunum eru því mjög takmarkaðir t.d. er ljóst í Bárðarlaug að seiðasleppingar skila engum árangri.

Ef silungur á að ná að vaxa upp í veiðanlega stærð yrði því að fóðra fiskinn til að slikt mætti takast. Hellnar eru vinsælt ferðamanna- og útivistarsvæði og myndi það örugglega auka aðrættarafl staðarins enn frekar ef hægt væri að bjóða upp á stangveiðar á silungi í vötnum. Sérstaklega er Bárðarlaug vænleg í þessu tilliti. Erlendis tíðkast það víða að sleppa silungi sem náð hefur 300-500 gr stærð í vötn sem geta ekki framleitt nema lítið af fiski af eigin rammleik. Eg tel að þessi möguleiki sé vænlegur í þessum vötnum. Ef sleppt væri silungi af þessari stærð gætu veiðar hafist strax og þyrfti þá aðeins að fylgjast með því að nóg væri af fiski til staðar fyrir veiðimenn. Hugsanlegt væri að taka fisk úr öðrum vötnum og flytja hann í vötnin eða að kaupa fisk úr eldisstöð i sama tilgangi. Hér er ráðlagt að þessi aðferð verði reynd og gerð yrði tilraun með fiskflutning af þessu tagi og veiðileyfi til stangveiða síðan seld í vötnin.

MYND 1:

ALDURSDREIFING BLEIKJU I BARDARLAUG EFTIR LENGD.

